

Drekahofið

Reglur

Skref 1

Veldu þraut. Raðaðu hofunum (og drekanum ef hann er notaður) á leikborðið eins og þrautin sýnir.

- Það eru 3 hof með mismunandi þökum. Tala (1,2 eða 3) sýnir hve mörg þök hvert hof hefur.
- Hofin þurfa að snúa rétt, þannig að dyrnar snúi eins og þrautin sýnir.
- Staðsetning dyra á jarðhæð er sýnd með svörtum þríhyrningi. Ef dyr eru á 2. hæð, eru þær sýndar með hvítum þríhyrningi.
- Í auðveldari þrautum eru aðeins 2 turnar.
- Allar þrautir (nema þær erfiðustu) innihalda auka vísbendingu: gullna drekann.

Skref 2

Markmið leiksins er að raða vegabútum og brúm á borðið til að búa til leiðir sem tengja hofin:

- Vegirnir geta verið á 2 hæðum, háir og lágir. Hægt er að tengja háa vegi við aðra háa vegi til að búa til brýr, eða þú getur tengt háan veg við dyr á annarri hæð hofs.
- Lágan veg er hægt að tengja við annan lágan veg eða dyr á jarðhæð hofs.
- Þegar þú býrð til brú, er hægt að leggja veg undir hana ef þess þarf.
- Í þrautum með þremur hofum þurfa að vera tveir vegir.
- Þar sem öll höf hafa tvennar dyr, verða sumar dyr ekki notaðar.
- Þú þarft ekki að nota alla vegabútana. Auðveldari þrautirnar þurfa stundum færri vegabúta en þær erfiðari.
- Staðir á borðinu þar sem höfuð eða hali drekans lendir, má ekki nota til að leggja vegi. Hins vegar má leggja brú yfir miðhluta drekans.

Skref 3

Aðeins er 1 rétt lausn við hverri þraut. Allar lausnir eru aftast í bæklingnum.